



Skýrsla Fjármála- og áhættustýringarsviðs

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2022

Borgarráð

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2022 samanstendur af samanteknum reikningi A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Jafnlaunastofa sf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs., Strætó bs og Þjóðarleikvangur ehf. auk Aflvaka hf. Enginn rekstur er hjá Aflvaka hf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að hluta fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlög Reykjavíkurborgar gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar, Sorpu og Þjóðarleikvangs koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samantekins ársreiknings Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 5.953 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að reksturinn yrði jákvæður um 9.048 m.kr. sem var 3.095 m.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Afkoma samantekins ársreiknings A- og B-hluta var 17.449 m.kr. lægri árið 2022 heldur en hún var árið 2021.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 15.605 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 2.824 m.kr. Niðurstaðan var því 12.781 m.kr. lakari en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 9.852 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 3.015 m.kr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 6.837 m.kr. verri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 18.843 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 13.498 m.kr. og var niðurstaðan því um 5.345 m.kr. lakari en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 3.239 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 10.674 m.kr. og var niðurstaðan því 7.435 m.kr. lakari en áætlað var.

Reikningsskil byggðasamlaga og sameignarfélaganna í meirihlutaeign Reykjavíkurborgar eru færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Breytingarnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2021.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.


Skýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2022 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum með áherslu á myndræna framsetningu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjorsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa. Með skýrslunni fylgja greinargerðir um Aðalsjóð, fagsvið og Eignasjóð og um B-hluta fyrirtæki.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

1.	Samantekinn reikningur A- og B-hluta	3
1.1.	Rekstur A- og B-hluta	3
1.2.	Efnahagur A- og B-hluta	6
1.3.	Sjóðstreymi A og B-hluta	7
1.4.	Fjármálareglur sveitarfélaga	8
2.	A-hluti	13
2.1.	Rekstur A-hluta	13
2.2.	Efnahagur A-hluta	18
2.3.	Sjóðstreymi A-hluta	20
2.4.	Fjármagnsliður A-hluta	23
2.4.1.	Skulda- og áhættustýring	25
2.4.2.	Aðgerðir fjármála- og áhættustýringarsviðs til að bæta fjárstýringu A-hluta	26
2.5.	Skattspor A-hluta	27
	Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur	28
	Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og A-og B-hluta	32
	Viðauki 3: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið	33
	Viðauki 4: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum	34

1. Samantekinn reikningur A- og B-hluta



1.1. Rekstur A- og B-hluta




Rekstrarniðurstaða samantekins reiknings A- og B-hluta var jákvæð um 6 ma.kr. sem var 3,1 ma.kr. verri niðurstaða en áætlað var. Ytri efnahagsaðstæður höfðu töluverð áhrif á rekstrarafkomu A-hluta sem og á fjármagnslið og matsbreytingar A- og B-hluta.

Grunnrekstur A- og B-hluta, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 38,7 ma.kr. í afgang sem var um 4 ma.kr. undir áætlun og 3,2 ma.kr. lægri niðurstöðu en árið 2021.

Tekjur ársins voru 2,3 ma.kr. yfir áætlun eða 1,1% en tekjurnar voru 20,8 ma.kr. eða 10,3% hærri en á árinu 2021. **Rekstrargjöld** án afskrifta voru 6,3 ma.kr. yfir fjárheimildum eða 3,5% en rekstrargjöldin jukust um 24 ma.kr. eða 15% milli ára.




Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta árið 2022 og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)




Skatttekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði voru 1,8 ma.kr. yfir áætlun, þar af var staðgreiðsla útsvars 1,5 ma.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 1,5%. Fjöldi starfandi í Reykjavík jókst um 7,2% á árinu 2022 sem að mestu má rekja til þess að atvinnuleysi vegna Covid-19 hefur að mestu leyti gengið til baka. **Laun og laumatengd gjöld** voru 656 m.kr. innan fjárheimilda og **annar rekstrarkostnaður og afskriftir** voru 5,5 ma.kr. yfir fjárheimildum sem rekja má til A-hluta en B-hlutinn var 415 m.kr. innan fjárheimilda. Lakari ávöxtun eigna lífeyrissjóðs LsRb leiddi til 2,8 ma.kr. gjaldfærslu umfram áætlun vegna lífeyrisskuldbindingar. **Matsbreytingar fjárfestingaeigna** Félagsbústaða voru 14,5 ma.kr. hærri en áætlað hafði verið.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld A- og B-hluta árið 2022 (m.kr.)




Fjármagnsliðurinn var neikvæður um 27,6 ma.kr. Vaxtagjöld og verðbætur námu 29,3 ma.kr., þar af námu verðbætur 19,2 ma.kr. Verðbólga ársins var 9,94% en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 3,3% verðbólgu. Álverð hækkaði um 9%¹ á árinu sem leiddi til 942 m.kr. hækkunar á innbyggðri álafleiðu í raforkusölusamningum. Í áætlun var gert ráð fyrir að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 14,9 ma.kr. og frávikið því 12,7 ma.kr. umfram áætlun.

¹ Meðalverð ársins.



Matsbreyting fjárfestingareigna, sem er verðbreyting á þeim fasteignum Félagsbústaða sem ætlaðar eru til útleigu, er liður sem fylgir fasteignamati og getur sveiflast mikið eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Matsbreytingar fjárfestingaeigna Félagsbústaða á árinu 2022 námu 20.534 m.kr. sem endurspeglar hækkun fasteignamats á tímabilinu febrúar 2021 til febrúar 2022 umfram vísitöluhækkun febrúar 2021 til áramóta 2021 og hækkun vísitölu frá febrúar 2022 og til áramóta 2022.




Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiðan) og gengismunur hjá OR hafa jafnan mikil áhrif á fjármagnslið A- og B-hluta eins og myndin hér að ofan sýnir. Í ár nam tekjufærsla vegna þeirra í A- og B-hluta um 1,1 ma.kr.

1.2. Efnahagur A- og B-hluta

Efnahagur A og B-hluta (m.kr.)	31.12.2022	31.12.2021	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	173.917	158.788	15.129	9,5%
Veitukerfi	393.549	352.484	41.065	11,7%
Fjárfestinga eignir	148.620	123.732	24.888	20,1%
Götur	34.824	29.421	5.403	18,4%
Aðrir fastafjármunir	26.377	22.931	3.445	15,0%
Langtímakröfur	12.307	10.262	2.046	19,9%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	8.896	9.300	-404	-4,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	49.920	53.224	-3.303	-6,2%
Handbært fé	21.922	30.424	-8.502	-27,9%
Eignir samtals	870.333	790.566	79.766	10,1%
Eigið fé	423.955	383.264	40.691	10,6%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	37.608	35.025	2.583	7,4%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.701	2.344	357	15,2%
Aðrar skuldbindingar	26.818	21.023	5.795	27,6%
Langtímalán	307.007	280.563	26.444	9,4%
Leiguskuldir	11.625	11.536	89	0,8%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	27.900	21.046	6.853	32,6%
Aðrar langtímaskuldir	40	1.264	-1.223	-96,8%
Fyrirfram innborganir	2.137	1.951	186	9,6%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb.	30.541	32.550	-2.009	-6,2%
Skuldir og skuldbindingar samtals	446.378	407.302	39.075	9,6%
Skuldir og eigið fé samtals	870.332	790.566	79.766	10,1%

Hækkun eigin fjár skýrist auk 6 ma.kr. hagnaðar aðallega af endurmatshækkunum á framleiðslu- og veitukerfum hjá OR sem námu 23,6 ma.kr. að frádregnum tekjuskatti, og einnig vegna lóða A-hluta sem sem tekjur vegna lóðarleigu reiknast af og námu 6,3 ma.kr. Þýðingarmunur vegna eigna OR sem gerðar eru upp í erlendum gjaldmiðlum og nam 5,2 ma.kr.




Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.

Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.


Hreinar vaxtaberandi skuldir jukust um 45 ma.kr. milli ára en hreinar skuldir jukust um 51 ma.kr. ástæðan á þessum mun er einkum aukning tekjuskattskuldbindingar um 4,1 ma.kr. og aukning lífeyrisskuldbindingar um 2,6 ma.kr., en skuldbindingar eru teknar með í hreinum skuldum.

Hækkun hreinna vaxtaberandi skulda milli ára má einkum rekja til nýrra lána umfram afborganir hjá A-hluta og meiri verðbólgu.


1.3. Sjóðstreymi A og B-hluta



Handbært fé lækkaði á árinu um 8,5 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum og seldum byggingarrétti námu 43,6 ma.kr. Lántaka og ný stofnframlög námu 34,3 ma.kr. á árinu, nýjar leiguskuldir námu 1,1 ma.kr. og afborganir lána og leiguskulda námu 23,2 ma.kr.




Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til vaxtar og viðhalds eigna. Miklar greiðsluskuldbindingar og fjárfestingarþörf A- og B-hluta kalla á hátt hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum.



Greiðslugeta A- og B-hluta til að standa undir afborgunum lána og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur. Myndin sýnir að veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur standa ekki undir fjárfestingum nema að hluta.

1.4. Fjármálareglur sveitarfélaga


Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025 til að liðka fyrir möguleikum sveitarfélaganna að grípa til viðspyrnu og sóknar í stað samdráttaraðgerða vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins.



Jafnvægisregla og jafnvægisviðmið

Skv. 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Ákvæði um að undanskilja veitu- og/eða orkufyrirtæki við útreikningin á jafnvægisviðmiðinu gildi til ársloka 2021.

Í myndinni hér að ofan er jafnvægisviðmiðið sýnt án OR árin 2018-2021 í samræmi við þær reglur sem þá giltu. Síðasta súlan árið 2022 er með OR í samræmi við núgildandi reglur. Vakin er athygli á árin 2018-2019 miðast við eldri útgáfu af reglugerð 1212 þar sem Faxaflóahafnir og byggðasamlögin voru tekin inn í samantekin reikning A og B-hluta að fullu.



Skuldaregla og skuldaviðmið

Skv. 64 gr. sveitarstjórnarlaga skulu skuldir og skuldbindingar samstæðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum vera innan við 150% og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Ákvæði um að undanskilja veitu- og/eða orkufyrirtæki við útreikningin á skuldaviðmiði gildi til ársloka 2021.

Vakin er athygli á árin 2018 og 2019 miðast við eldri útgáfu af reglugerð 1212 þar sem Faxaflóahafnir og byggðasamlögin voru tekin inn í samantekin reikning A og B-hluta að fullu.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A- og B-hluta Reykjavíkurborgar síðastliðin 5 ár².

A- og B-hluti	2018*	2019*	2020	2021	2022
Eiginfjárhlutfall	49,4%	49,9%	46,9%	48,5%	48,7%
Arðsemi eigin fjár	4,7%	3,5%	-0,7%	7,2%	1,7%
Veltufjárhlutfall	1,12	1,14	1,26	1,44	1,14
Langtímaskuldir/eigið fé	70,3%	70,5%	81,2%	76,5%	75,2%
Uppgreiðslutími	6	7	11	13	14
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum	73%	79%	89%	93%	158%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	23%	20%	14%	12%	11%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	24%	21%	18%	21%	17%

* Öbreytt skv. eldri útgáfu af reglugerð 1212

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var jákvæð um 6 ma.kr. sem var 3,1 m.kr. undir áætlun. Mesta frávikið var í matsbreytingu fjárfestingaegna Félagsbústaða sem var 14,5 ma.kr. yfir áætlun en nettó fjármagnsgjöld um 12,7 ma.kr. meiri en áætlað var sem að hluta má rekja til aukinnar verðbólgu en verðbólga ársins nam 9,94% en áætlun gerði ráð fyrir 3,3% ársverðbólgu.
- Reikningsskil byggðasamlaga og sameignarfélaga í meirihlutaeign Reykjavíkurborgar eru í þessum árseikningi færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Breytingarnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2021.

² Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

- Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.
- Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 15,6 ma.kr. og var 12,8 ma.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur voru 1,9 ma.kr. yfir áætlun en rekstrarútgjöld A-hluta með afskriftum voru 8,8 ma.kr. yfir fjárheimildum, þar af var gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar 2,8 ma.kr. yfir fjárheimildum en laun og launatengdgjöld voru á pari við áætlun. Covid-19 kostnaður nam 1,1 ma.kr. og var 519 m.kr. yfir áætlun. Fjármagnsliðir 5,9 ma.kr. yfir fjárheimildum sem að mestu má rekja til aukinnar verðbólgu á árinu.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu Félagsbústaða vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBITDA) sem hækkaði um 6,9% á milli ára, en tekjur hækkuðu um 12,0% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 16,2%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, sendi Innviðaráðuneytinu, ráðuneyti sveitarstjórnarmála, fyrirspurn dags. 13. október 2021 um innleiðingu Alþjóðlegra reikningsskilastaða (e. International Accounting Standards) vegna kvörtunar sem stofnuninni barst þann 23. ágúst 2021. Í kvörtuninni er sérstaklega vísað til reikningsskila Félagsbústaða hf. og meðhöndlunar á fjárfestingaeignum félagsins. Fyrirspurninni var svarað þann 17. desember 2021. Viðbótarfyrirspurn ESA dags. 3. feb. 2022 var svarað 29. apríl 2022.
- Rekstrarniðurstaða OR var jákvæð uppá 8,4 ma.kr. og lækkaði um 3,6 ma.kr samanborið við 2021. Meginskýring á lækkun afkomu bæði vegna hærri verðbóta en áfallnar verðbætur voru 3,6 ma.kr. hærri en 2021 og lægri tekjufærslu vegna álafleiðunnar sem var 5,6 ma.kr. lægri í ár. Afkoma OR fyrir fjármagnsliði var 1,1 ma.kr. betri en árið 2021.
- Rekstur Sorpu er farinn að standa undir fjárfestingum og afborgunum langtímalána eftir mikla endurskipulagningu á árinu 2020.
- Færsla endurvinnslustöðvarinnar frá Sævarhöfða og breytingar á öðrum endurvinnslustöðvum kalla á töluverðar fjárfestingar á árunum 2023-2025. Fjárfestingar í endurvinnslustöðvum greiðist beint af sveitarfélögunum með beinum fjárframlögum.
- Innleiðing á samræmdri úrgangsflokkun á höfuðborgarsvæðinu stendur yfir sem mun auka skilvirkni hjá Sorpu, lækka tilkostnað og minnka loftlagsáhrif.
-









Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Reykjavíkurborg brást á árinu 2022 við erfiðum aðstæðum í ytra efnahagsumhverfi borgarinnar sökum verðbólgu og hækkunar vaxta með margvíslegum hætti. Dregið var úr fjárfestingum og þar með lántökuþörf um 7 ma.kr. Gjaldskrár voru hækkaðar þannig að þær myndu lækka minna en ella að raungildi. Samræmdum reglum komið á um ráðningar og samningateymi skipað vegna vanfjármögnunar verkefna sem unnin eru fyrir ríkið. Auk þess sem fjármálastefna Reykjavíkurborgar var endurskoðuð með hliðsjón af fjárhagslegri stöðu og efnahagslegu ytra umhverfi. Mikilvægt er að fylgja vel eftir þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til og með þeim hætti að tryggja sjálfbærni í rekstri borgarinnar.
- Í borgarreknum grunnskólum að frátöldum sérskólum er raunkostnaður 284 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,9% fyrir utan óreglulega liði þ.e. vegna myglu og Covid-19. Haustið 2021 var samþykkt nýtt reiknilíkan fyrir borgarrekinna grunnskóla og fjárheimildir á árinu 2022 auknar um 1,5 ma.kr. Samhliða nýja líkaninu voru samþykktar reglur um eftirlit með rekstri grunnskóla þar sem kemur fram hvernig bregðast skal við frávikum. Ef tekið er mið af þessum niðurstöðum er hægt að draga þá ályktun að líkanið virðist endurspegla rekstur skólanna. Samt sem áður er áréttað mikilvægi þess að sviðið framfylgi kostnaðareftirliti skv.þeim leikreglum sem settar hafa verið.
- Í borgarreknum leikskólum er raunkostnaður 1.480 m.kr. eða 8,9% umfram fjárheimildir. Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla frá hausti 2020. Markmiðið með útfærslu á nýju reiknilíkani fyrir leikskóla er að skilgreina með skýrum hætti þjónustustig og forsendur fjárheimilda. Mikilvægt er að ná sátt um líkanið og fjármagna starfsemina í samræmi við það. Að sama skapi verði settar skýrar leikreglur um eftirlit með rekstri eins og gert hefur verið með grunnskólana.
- Útgjöld á barn í leikskólum borgarinnar hafa hækkað umtalsvert á föstuverðlagi frá árinu 2018 eða um 16,3%. Tekjur á barn hafa hins vegar dregist saman um 7,8%. Kostnaðarþátttaka foreldra var 8,7% á árinu 2018 en var aðeins 6,9% árið 2022. Mikilvægt er að mótuð verði stefna borgarinnar um kostnaðarþátttöku foreldra vegna reksturs leikskóla.
- Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 19.804 m.kr. en tekjur námu aðeins 10.525 m.kr. Heildarniðurstaða var því neikvæð um 9.280 m.kr. Vorið 2022 var skipaður starfshópur með fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, innviðaráðuneytisins, félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem stýrt er af Haraldi Líndal Haraldssyni um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Hópnum er

ætlað að skila tillögum fyrir lok apríl mánaðar 2023. Fram hefur komið að halli á málaflokknum árið 2021 á landsvísu var 14,2 ma.kr. Þá liggur fyrir áætlun um að eyða biðlistum eftir húsnæðisúrræði geti kostað að lágmarki 10-11 ma.kr. Alþingi samþykkti í lok árs 2022 að hækka útsvar um 0,22%-stig eða um 5 ma.kr. vegna þessa. Þetta leysir einungis brot af vandanum. Mikilvægt er að ásættanleg niðurstaða fáið í samningum við ríkið um fjármögnun málaflokksins þar sem núverandi staða ógnar sjálfbærni sveitarfélaga. Ljóst er að áframhaldandi uppbygging þjónustunnar veltur á þessu.


- Útgjöld vegna barna með alvarlegar geð- og hegðunarraskanir voru 1.249 m.kr. umfram fjárheimildir, þar af voru útgjöld vegna barnaverndar 688 m.kr. Kostnaður hefur aukist afar mikið á síðustu árum og ekki síst í kjölfar Covid-19. Þá hefur meðferðarheimilum Barnaverndarstofu hefur verið lokað, einu af öðru á undarnförnum áratugum en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.
- Rekstur hjúkrunarheimila var 230 m.kr. umfram fjárheimildir. Viðvarandi rekstrarhalli er á Seljahlíð þar sem daggjöld standa ekki undir kostnaði en Reykjavíkurborg hefur sagt upp samningi við ríkið um rekstur þess sem á að koma til framkvæmda 30.06.2023. Mikilvægt er að sækja eðlilegar útgjaldahækkanir til ríkisins vegna hagvaxtarauka, endurmats starfa og annarra kostnaðarliða svo unnt sé að halda uppi umsömdu þjónustustigi.
- Mikilvægt er að tryggja Félagsbústöðum sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.
- Framlegð OR (EBITDA / rekstrartekjur) er um 62,7% og hefur veikst um 1,9%-stig miðað við sama tímabil í fyrra. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 65,1 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 60,9 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir OR til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðsluflæði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði.
- Brýnt er að endurskoða eigendastefnu félagsins og tryggja að hún nái betur utanum umfang og áskoranir dótturfélaga OR.
- Sorpa mun hefja útflutning á brennanlegum úrgangi til orkuendurvinnslu á árinu 2023 og draga verulega úr urðun í Álfsnesi. Unnið er að nýju eigendasamkomulagi um áframhaldandi urðun á óvirkum úrgangi eftir lok árs 2023. Tryggja þarf aðgang samlagsins að urðunarstað eftir að Álfsnes lokar í náinni framtíð og vinna vegna þess stendur yfir þá er einnig mikilvægt að hraða undirbúningi að framtíðarlausnum varðandi brennanlegs úrgangs og tryggja fjármögnun þeirra verkefna.
- Tap af rekstri Strætó nam 834 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 243 m.kr. tapi. Heimsfaraldur kórónuveiru, aukin verðbólga, olíuverðs- og launahækkanir hafa haft gríðarleg fjárhagsleg áhrif á starfsemi félagsins síðustu tvö ár og hefur fjárhagsstaða Strætó versnað verulega. Fyrirtækið er í miklum rekstrarvanda og eigið fé þess er nánast uppuríð. Eigendasveitarfélögin lögðu fram um 520 m.kr. viðbótarframlag til rekstrar á árinu 2022, þá miðar samþykkt áætlun 2023 við að þar til viðbótar komi annað eins viðbótarframlag. Unnið er að rýningu á rekstri samlagsins og munu tillögur um frekari aðgerðir liggja fyrir innan skamms. Ljóst er að frekari framlög og/eða gjaldskrárhækkanir geta verið nauðsynlegar árið 2023 til að rétta af rekstur fyrirtækisins.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A- og B-hluta



2. A-hluti

2.1. Rekstur A-hluta




Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2022	Áætlun	Frávik	%	Raun 2021	Breyting	%
Staðgreiðsla	106.059	104.515	1.544	1,5%	96.782	9.277	9,6%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-12.856	-12.669	-187	1,5%	-11.610	-1.246	10,7%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	1.426	2.556	-1.130	-44,2%	2.945	-1.519	-51,6%
Nettó útsvar	94.629	94.403	226	0,2%	88.118	6.512	7,4%
Fasteignaskattar	21.947	21.952	-5	0,0%	20.539	1.408	6,9%
Lóðarleiga	2.013	1.957	56	2,9%	1.840	174	9,4%
Afskrifaðir/niðurfærðir fasteignaskattar, breyting	2	0	2		5	0	
Fasteignaskattar samtals	23.962	23.909	53	0,2%	22.384	1.581	7,1%
Skatttekjur samtals	118.591	118.312	280	0,2%	110.501	8.093	7,3%
Framlög Jöfnunarsjóðs	10.608	9.222	1.386	15,0%	8.762	1.846	21,1%
Þjónustutekjur	12.774	11.920	854	7,2%	11.305	1.469	13,0%
Eignatekjur	29.873	29.648	225	0,8%	25.772	4.101	15,9%
Sala byggingaréttar	4.844	5.000	-156	-3,1%	3.926	918	23,4%
Söluhagnaður eigna	666	400	266	66,4%	395	270	68,3%
Endurgreiðslur annarra	8.703	5.612	3.091	55,1%	6.494	2.209	34,0%
Aðrar tekjur	2.981	5.820	-2.839	-48,8%	3.053	-72	-2,4%
Millivíðskipti tekin út	-32.793	-31.604	-1.189	3,8%	-27.942	-4.851	17,4%
Rekstrartekjur samtals	156.246	154.330	1.916	1,2%	142.266	13.983	9,8%
Laun og launatengd gjöld	-91.544	-91.477	-67	0,1%	-84.755	-6.790	8,0%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	-5.467	-2.700	-2.767	102,5%	212	-5.679	-2679,8%
Launakostnaður samtals	-97.011	-94.177	-2.834	3,0%	-84.543	-12.469	14,7%
Annar rekstrarkostnaður	-61.396	-55.941	-5.455	9,8%	-53.690	-7.706	14,4%
Afskriftir	-7.691	-7.227	-464	6,4%	-6.529	-1.162	17,8%
Rekstrargjöld samtals	-166.098	-157.345	-8.753	5,6%	-144.762	-21.337	14,7%
Fjármagnsliðir og hlutd. í afkomu hlutdeildarf.	-5.752	191	-5.944	-3109,1%	-1.354	-4.398	324,7%
EBITDA	-2.161	4.212	-6.373	-151,3%	4.034	-6.195	-153,6%
EBIT	-9.852	-3.015	-6.837	226,8%	-2.495	-7.357	294,9%
Rekstrarniðurstaða	-15.605	-2.824	-12.781	452,6%	-3.850	-11.755	305,4%

Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2022 var neikvæð um 15,6 ma.kr. sem var 12,8 ma.kr. verri niðurstaða en áætlað var. Ef frá er tekin halli af rekstri málefna fatlaðs fólks sem nam 9,3 ma.kr var niðurstaðan neikvæð um 6,3 ma.kr. **Grunnreksturinn**, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, var neikvæð um 2,2 ma.kr. sem var um 6,4 ma.kr. verri niðurstaða en áætlað var.

Tekjur: Skatttekjur voru 118,6 ma.kr. eða 280 m.kr. yfir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 1,5 ma.kr. yfir áætlun og hækkaði um 9,3 ma.kr. milli ára. Fjöldi starfandi í Reykjavík jókst um 7,2% árinu 2022 sem að mestu má rekja til atvinnuleysi vegna Covid-19 hefur að mestu leyti gengið til baka. Tekjur vegna **skattbreytinga ásamt niðurfærslum og afskrift skatttekna** voru 1,4 ma.kr. eða 1,1 ma.kr. undir áætlun og lækka um 3 ma.kr. samanborið við síðasta ár. **Fasteignaskattar**³ voru 24 ma.kr. eða 53 m.kr. yfir áætlun. **Framlög Jöfnunarsjóðs** voru 1,4 ma.kr. yfir áætlun aðallega vegna hærri framlaga til málefna fatlaðs fólks. **Endurgreiðslur annarra**⁴ voru 3,1 ma.kr. yfir áætlun, þar af voru endurgreiðslur frá ríki og öðrum sveitarfélögum 2,7 ma.kr. yfir áætlun og ýmsir styrkir 422 m.kr. yfir áætlun. Mest frávik voru í framfærslustyrk v. erlendra ríkisborgara sem var 943 m.kr. yfir áætlun og í móttöku flóttafólks 366 m.kr. **Sala byggingarréttar** nam 4,8 ma.kr. og var 156 m.kr. undir áætlun. **Aðrar tekjur** voru 3 ma.kr. eða 2,8 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Frávik ársins skýrist af því að gert hafði verið ráð fyrir að árangur næðist í viðræðum við ríkið um leiðréttingu á fjármögnun verkefna sem flust hafa frá ríkinu. Í desember náðist samkomulag við ríkið um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna frá ríkinu til sveitarfélaga sem nemur 0,22% af útsvarsstofni frá og með árinu 2023. Því gætti ekki áhrifa vegna þessa á árinu 2022. Þrátt fyrir samkomulagið glíma sveitarfélög enn við mikla vanfjármögnun vegna verkefna sem hafa flust frá ríkinu og er það eitt af áherslum Reykjavíkurborgar í gildandi fjármálastefnu að leiðrétta fjármögnun þeirra

Gjöld: Laun og launatengd gjöld námu 91,5 ma.kr. og voru á pari við áætlun. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRb** nam 5,5 ma.kr. og var 2,8 ma.kr. yfir áætlun. Frávik má aðallega rekja til þess að ávöxtun eigna sjóðsins var töluvert verri en gert hafði verið ráð fyrir. **Annar rekstrarkostnaður** nam 61,4 ma.kr. og var um 5,5 m.kr. yfir fjárheimildum.⁵




Helstu frávik frá áætlun í öðrum rekstrarkostnaði er að finna á velferðarsviði meðal annars í vistgreiðslum vegna barna með þroska- og geðraskanir og úrræðum barnaverndar. Þá var þjónusta við flóttafólk og hælisleitendur umtalsvert yfir áætlun en tekjur koma frá ríkinu á móti þeim kostnaði að mestu leiti. Kostnaður vegna Covid-19 hafði áhrif kostnað bæði á velferðarsviði sem og á skóla- og frístundasviði þar sem einnig má vinna mikil frávik í öðrum rekstrarkostnaði. Þar hafa hækkanir á aðföngum vegna verðbólgu haft áhrif, fjölgun barna af erlendum uppruna sem þarfnast aukins stuðnings og kostnaður vegna rakaskemmda haft sitt að segja. Há verðbólga skýrir að mestu frávik í fjármagnsliðum og neikvæð ávöxtun eigna lífeyrissjóðs LsRb er aðalástæða aukinnar gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindingar.

³ Fasteignaskattar A-hluta samanstanda af fasteignasköttum Aðalsjóðs að fráðregnum fasteignagjöldum af fasteignum Eignasjóðs.

⁴ Nánari sundurliðun á endurgreiðslum annarra er að finna í umfjöllun um Aðalsjóð í greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

⁵ Nánari greiningu rekstrargjalda má finna í greinargerð fagsviða með ársreikningi Reykjavíkurborgar 2022.

Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2022 og frávik frá upprunalegri áætlun (m.kr.)



Ef horft er á frávik rauntalna frá upprunalegri áætlun þá jukust skatttekjur um 3 ma.kr. einkum staðgreiðslan sem var 5,7 ma.kr. hærri en upprunaleg áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 1,8 ma.kr. yfir áætlun. Á móti kom að laun voru 3,3 ma.kr. hærri en upphaflega var áætlað. Frávik annara liða, s.s. annars rekstrarkostnaðar, breyting lífeyrisskuldbindingar og fjármagnsliðar eru sambærileg við frávik áætlunar með viðaukum.

Áhrif Covid-19

Í eftirfarandi töflu hafa verið tekin saman helstu áhrif faraldursins Covid-19 á útgjöld Reykjavíkurborgar árið 2022.

Aðgerðir 2022 (Fjárhæðir í m.kr.)	SFS	ÍTR	MOF	USKRK	USKES	VEL	FAS	MOS	ÞON	RHS	ÖNN	Heild.kostn.
Tekjutap - lokun	52											52
Kostn.hækkun - einkarekin þjónusta	29											29
Kostn.lækkun - v. minni umsvifa						19						19
Kostn.hækkun - þríf	124	3	1	0	2	38			12			180
Kostn.hækkun - stuðningur			120									120
Kostn.hækkun - veikindi og aukavaktir					28	200						228
Kostnaðarhækkun - viðspyrna						221						221
Atvinnuátak						6		20		20	162	207
Samtals	206	3	121	0	30	485	0	20	12	20	162	1.057
<i>p.a. samþykktir viðaukar í borgarráði</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>116</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>221</i>	<i>0</i>	<i>20</i>	<i>0</i>	<i>20</i>	<i>162</i>	<i>539</i>

Útgjöldin eru sundurliðuð eftir sviðum og helstu aðgerðum. Upplýsingarnar í töflunni byggja á mati sviða borgarinnar um fjárhagsleg áhrif faraldursins á starfsemi þeirra. Vakin er athygli á að taflan sýnir kostnað sem rekja má að mestu leyti beint til Covid-19 en til viðbótar má gera ráð fyrir að ýmis afleiddur kostnaður hafi fylgt faraldrinum sem erfiðara er að sundurgreina. Þá er í töflunni ekki tekið tillit til kostnaðar vegna veittra gjaldfresta, sveigjanleika í innheimtu, aðgerða í upplýsingatæknimálum, fjárfestingaáttaks borgarinnar eða launakostnaðar sem greiddur var starfsmönnum í einangrun/sóttkví.

Rekstur málaflokkanna

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs án lífeyrisskuldbindingar var 5.346 m.kr. yfir fjárheimildum en þar af var skóla- og frístundasvið 1.881 m.kr. yfir fjárheimildum og velferðarsvið án bundinna liða⁶ var 1.443 m.kr. yfir fjárheimildum. Frávik á sameiginlegum kostnaði án lífeyrisskuldbindinga við LsRb skýrist að stórum hluta af að áætlaðar leiðréttingar á fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks gekk ekki eftir en á móti kom að minna var ráðstafað af miðlægum liðum en reiknað var með. Í síðarsta dálki töflunnar má sjá hversu hátt hlutfall af skatttekjum þ.e. útsvari og fasteignaskatti er varið til viðkomandi málaflokka. Nettó útgjöld til þeirra námu 159.864 m.kr. en skatttekjur A-hluta ásamt framlögum frá Jöfnunarsjóði námu 129.200 m.kr.

⁶ Bundnir liðir eru fjárhagsaðstoð og húsnæðisstuðningur.


Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða 2022	Áætlun 2022	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
Fjármála- og áhættustýringarsvið	1.462	1.445	16	1%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	4.382	4.355	27	1%	3%
Íþróttá- og tómstundasvið	10.392	10.344	48	0%	8%
Menningar- og ferðamálasvið	6.248	6.201	47	1%	5%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	375	375	0	0%	0%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	1.860	1.943	-82	-4%	1%
Skóla- og frístundasvið	69.483	67.603	1.881	3%	54%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	13.067	12.396	671	5%	10%
Velferðarsvið án bundinna liða	35.823	34.380	1.443	4%	28%
Velferðarsvið, bundnir liðir	4.196	4.443	-247	-6%	3%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	3.052	3.050	2	0%	2%
Sameiginlegur kostnaður án lífeyrisskuldbindinga við LsRb	4.056	2.517	1.538	61%	3%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb	5.467	2.700	2.767	102%	4%
Málaflokkar Aðalsjóðs samtals	159.864	151.752	8.112	5%	124%
Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga					129.200
Eignaskrifstofa	-17.511	-17.752	241	-1%	
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu ES	-4.485	-4.668	184	-4%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignarsjóðs	3.428	3.440	-11	0%	
Málaflokkar Eignarsjóðs samtals	-18.568	-18.981	414	-2%	

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðanna og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður niðurstöður ársins 2021, sjá nánar í greinargerð fagsviða.

Aðalsjóður fagsvið	Eining	Raun 2022	Upprunaleg áætlun 2022	Esk áætlun 2022	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2021	Mism. milli ára	%
Fjármála- og áhættustýringarsvið	FAS	1.462	1.416	1.445	16	1,1%	1.339	123	9,2%
Íþróttá- og tómstundasvið	ITR	10.392	9.979	10.344	48	0,5%	9.442	950	10,1%
Menningar- og ferðamálasvið	MOF	6.248	5.837	6.201	47	0,8%	5.922	327	5,5%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	MOS	375	320	375	0	0,1%	341	34	10,0%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	RHS	1.860	1.781	1.943	-82	-4,2%	1.660	200	12,0%
Skóla- og frístundasvið	SFS	69.483	63.581	67.603	1.881	2,8%	63.701	5.782	9,1%
Umhverfis- og skipulagssvið	USKRK	13.067	9.671	12.396	671	5,4%	10.618	2.449	23,1%
Velferðarsvið án bundinna liða	VEL	35.823	31.941	34.380	1.443	4,2%	31.450	4.374	13,9%
Velferðarsvið bundnir liðir	VEL	4.196	4.434	4.443	-247	-5,6%	3.898	298	7,6%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	PON	3.052	2.956	3.050	2	0,1%	2.492	559	22,4%
Sameiginlegur kostnaður	ÖNN	9.522	9.403	5.217	4.305	82,5%	4.545	4.977	109,5%
Samtals		155.482	141.319	147.397	8.085	5,5%	135.408	20.074	14,8%


Sveiflukenndir liðir

Á meðal tekna A-hluta eru sveiflukenndir liðir einkum tekjur af sölu byggingaréttar og hagnaður af sölu eigna. Í góðæri og á uppbyggingarskeiðum hækka þessa tekjur oft verulega en dragast saman á samdráttarskeiðum. Á myndinni hér að neðan eru þessar tekjur sýndar síðastliðin 5 ár.




Aðalsjóður og Eignasjóður

Síðustu ár hefur rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs verið neikvæð einkum vegna lífeyrisskuldbindinga á meðan rekstur Eignasjóðs hefur verið jákvæður og þar hafa eignatekjur skipt miklu máli.



2.2. Efnahagur A-hluta

Efnahagur A-hluta (m.kr.)	31.12.2022	31.12.2021	Breyting	%
Óefnislegar eignir - hugbúnaður	3.777	2.044	1.733	84,8%
Fasteignir og lóðir	149.615	134.340	15.275	11,4%
Götur	34.372	28.973	5.399	18,6%
Áhöld og tæki	7.362	5.930	1.432	24,1%
Leigueignir	5.154	5.034	120	2,4%
Langtímakröfur	16.114	14.796	1.318	8,9%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	8.475	8.860	-385	-4,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	22.008	21.226	782	3,7%
Handbært fé	10.221	15.276	-5.055	-33,1%
Eignir samtals	257.097	236.480	20.617	8,7%
Eigið fé	82.610	91.895	-9.284	-10,1%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	36.939	34.394	2.545	7,4%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.664	2.309	355	15,4%
Langtímalán	96.829	75.120	21.709	28,9%
Leiguskuldir	10.492	9.961	531	5,3%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	6.267	4.251	2.016	47,4%
Ríkissjóður, fyrirfram innborgað vegna fjárfestinga	80	87	-7	-7,6%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb. frá Ríkissjóði	21.214	18.463	2.751	14,9%
Skuldir og skuldbindingar samtals	174.487	144.585	29.901	20,7%
Skuldir og eigið fé samtals	257.097	236.480	20.617	8,7%



Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.

Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.








Langtímakröfur vegna uppgjörsins við Brú nema nú 8,5 ma.kr. koma ekki til lækkunar vaxtaberandi skulda þar sem þessar kröfur bera ekki vexti enda er um að ræða fyrirframgreiðslur sem koma síðar til gjaldfærslu. Vaxtaberandi kröfur hafa að mestu verið innheimtar á undanförunum árum en þær námu 97 m.kr. í árslok.

Á árinu 2022 má rekja 34 ma.kr. aukningu í hreinum skuldum til 17,6 ma.kr. lántöku umfram afborganir, 6,6 ma.kr. hækkunar verðbóta og affalla, 2,8 ma.kr. hækkunar á lífeyrisskuldbindingu umfram afborganir. Auk þess sem viðskiptaskuldir og aðrar skuldir hækkuð um 2,7 ma.kr. og veltufjármunir lækkuðu um 4,3 ma.kr.


Skuldir og skuldbindingar A-hluta árið 2022							
í m.kr.	Staðan 1.1.2022	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	Áfallnar skuldbindingar	Breyting skammtíma- skulda	Staðan 31.12.2022
Lífeyrisskuldbinding*	36.703		-2.567		5.467		39.603
Langtímaskuldir*	78.246	21.895	-3.875	5.478			101.743
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki*	3		-3	0			0
Leigusuldbindingar*	11.083	814	-1.224	1.171			11.845
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	40					-13	27
Viðskiptaskuldir	5.326					824	6.150
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki	555					1.077	1.631
Fyrirframgr. (frá ríki v. Sléttuvegar)	87					-7	80
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof	9.980					569	10.550
Aðrar skammtímaskuldir	2.562					295	2.856
	144.585	22.709	-7.669	6.649	5.467	2.745	174.487

* ásamt næsta árs afborgunum


Lántökur A-hluta á árinu 2022 námu 21,9 ma.kr., nýjar leiguskuldir voru 814 m.kr., afborganir lána námu 7,7 ma.kr. Verðbætur voru 6,6 ma.kr. Lífeyrisskuldbinding hækkaði um 2,8 m.kr. króna umfram afborganir.




2.3. Sjóðstreymi A-hluta



Handbært fé frá áramótum til ársloka lækkaði um 5 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum og byggingarrétti námu 19,5 ma.kr. Lántaka ársins nam 21,9 ma.kr., þar af nam útgáfa grænna skuldabréfa 2 ma.kr. Nýjar leiguskuldir námu 814 m.kr. Afborganir lána og leiguskulda námu 5,1 ma.kr.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var neikvætt um 1,3% á árinu 2022.












Greiðslugeta A-hluta vegna afborgana, fjárfestinga og framlags vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta sl. 5 ár:⁷


A-hluti	2018	2019	2020	2021	2022
Eiginfjárlutfall	47,1%	46,5%	42,6%	38,9%	32,1%
Arðsemi eigin fjár	5,5%	1,4%	-6,1%	-4,2%	-17,0%
Veltufjárlutfall	1,23	1,17	1,28	1,45	1,07
Langtímaskuldir/eigið fé	54,4%	56,7%	69,7%	92,6%	129,9%
Uppgreiðslutími	4	5	13	719	-55
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum	49%	52%	56%	61%	78%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	11%	10%	4%	0,1%	-1,3%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	8%	5%	0,0%	2,8%	-1,4%

⁷ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A-hluta



2.4. Fjármagnsliður A-hluta




Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnsliði Aðalsjóðs og Eignasjóðs.


Fjármagnsliður A-hluta var neikvæður um 5.706 m.kr. á tímabilinu sem var 5.896 m.kr. verri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fjármunatekjur A-hluta voru 4.882 m.kr. sem var 868 m.kr. undir áætlun ársins. Lakari niðurstaða skýrist einna helst af lægri arðgreiðslum en gert var ráð fyrir en þær voru 578 m.kr. undir áætlun en einnig var ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár 440 m.kr. undir áætlun. Á móti voru ýmsar vaxtatekjur um 105 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir og tekjur af ábyrgðargjaldi 45 m.kr. hærri en áætlunir gerður ráð fyrir. Erfiðar aðstæður voru á skuldabréfamarkaði á árinu 2022 og ávöxtun á skuldabréfasafni Reykjavíkurborgar sem er í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum neikvæð.

Fjármagnsgjöld A-hluta voru yfir áætlun en þau voru 10.587 m.kr. í stað 5.559 m.kr. í áætlun sem er 5.028 m.kr. umfram áætlun. Skýrist það af 4.997 m.kr. hærri vaxta- og verðbóttagjöldum vegna hærri verðbólgu en forsendur áætlunar gerðu ráð fyrir. Fjárhagsáætlun gerð ráð fyrir um 3,3% verðbólgu á árinu 2022, í samræmi við Þjóðhagsspá Hagstofunnar, en raunin varð 9,9%. Greidd og reiknuð fjármagnsgjöld eru miðuð við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem er hefðbundin vísitala neysluverðs með tveggja mánaða töf. Einnig var greiddur fjármagnstekjuskattur 94 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir, m.a. vegna viðskipta í verðbréfasafni í stýringu. Á móti var lántökukostnaður og dráttarvaxtagjöld um 64 m.kr. undir áætlun.




Handbært fé A-hluta í lok árs 2022 var 10.221 m.kr. sem skiptist að stærstum hluta í skuldabréfasafn 6.804 m.kr., peningamarkaðsinnlán 3.246 m.kr. og innistæðu á veltureikningum 171 m.kr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staða á handbæru fé yrði 19.685 m.kr. í lok tímabilsins. Handbært fé hækkaði á fyrsta ársfjórðungi en lækkaði svo eftir því sem leið á árið. Handbært fé er 9.464 m.kr. lægra en áætlun gerði ráð fyrir. Lægri staða á handbæru fé skýrist af verri rekstrarniðurstöðu og minni lántöku en fjárfestingar voru yfir áætlun.




Ávöxtun á handbært fé var undir áætlun á árinu og var neikvæð um 191 m.kr. samanborið við 252 m.kr. sem áætlunin hljóðaði upp á. Frávikið skýrist af því að skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar skilaði -5,29% ávöxtun á tímabilinu en safnið er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf. Lausafjárávöxtun peningamarkaðsinnlána, lausafjárskjóða og víxla nam um 173 m.kr. á tímabilinu.

Reykjavíkurborg ávaxtar allt laust fé miðað við sjóðsþörf A-hluta á hverjum tíma og velur ávöxtunarleið samkvæmt reglum um fjárstýringu og þau kjör sem bjóðast og er þannig reynt að hámarka ávöxtun handbærs fjár A-hluta. Meginvextir Seðlabankans hækkuð á árinu og námu 6,0% í lok árs.




Skuldabréfaútgáfa Reykjavíkurborgar nam 16.007 m.kr. á árinu 2022 að markaðvirði en sú fjárhæð samanstendur af höfuðstól, áföllnum vöxtum og verðbótum. Í skuldabréfaflokknum RVK 32 1 var gefið út fyrir 12.780 m.kr., 2.042 m.kr. í græna skuldabréfaflokknum RVKG 48 1, 638 m.kr í skuldabréfaflokknum RVKN 35 1 og að lokum 547 m.kr. í skuldabréfaflokknum RVK 53 1. Á þriðja ársfjórðungi var samið við Landsbankann um langtíma lánaramma að fjárhæð 6.000 m.kr. og dregið var á hann í þremur hlutum 2.000 m.kr. í hvert skipti. Lántaka ársins var samtals 22.007 m.kr. að markaðsvirði. Heildarlántaka ársins að frádregnum áföllnum vöxtum nam 21.895 m.kr. eins og kemur fram í sjóðstreymi.

Verðtryggð skuldabréfaútgáfa A-hluta eru 71% og hefur hlutfallið hækkað það sem af er ári þar sem útgáfa á árinu 2022 hefur nær eingöngu verið verðtryggð vegna markaðsaðstæðna. Lán sem tekin voru í gegnum lánaramma Landsbankans voru 4.000 m.kr. óverðtryggð og 2.000 m.kr verðtryggð. Verðtryggði skuldabréfaflokkurinn RVK 53 1 er enn stærstur eða 33% af útgefnum skuldabréfum.



Greiðslur afborgana og vaxta af útgefnum skuldabréfum A-hluta námu samtals 7.449 m.kr. á árinu 2022. Myndin hér að ofan sýnir framtíðargreiðsluferil útgefinna skuldabréfa miðað við lánastöðu og verðlag í lok ársins.

Virkir vextir af langtímalánum eru vegnir vextir hverrar útgáfu af heildarútgáfu í sérhverjum skuldabréfaflokki. Virkir vextir óverðtryggða lána voru í árslok 4,90% og hafa hækkað um 51 punkt á milli ára. Virkir vextir verðtryggða lána lækkuðu árið 2022 og voru í árslok 2,76% en voru 3,03% í ársbyrjun. Ávöxtunarkröfur verðtryggða skuldabréfa í útboðum voru með lægsta móti í byrjun árs en fóru svo hækkanði eftir því sem leið á árið.



2.4.1. Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að stórum hluta verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Lántaka ársins 2022 hefur að mestu leyti verið verðtryggð sem eykur verðbólguáhættu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir en þær eru að megninu til í verðtryggðum markaðsskuldabréfum í verðbréfasafni í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Kostnaðurinn vegna aukinnar verðbólgu hefur verið áætlaður 680 m.kr. á ári fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Lausafjárahætta er önnur áhætta sem Reykjavíkurborg fylgist vel með. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu kveða á um að tryggt skuli vera að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs og tekur

skuldastýring og ávöxtun handbærs fjár mið af því. Reykjavíkurborg var ekki með neinar virkar lánalínur í árslok en hafði aðgang að yfirdráttarláni að fjárhæð 8 milljarðar í lok desember 2022. Yfirdráttarheimildir voru nýttar á tímabilinu til að jafna sveiflur sjóðsstreymi.


2.4.2. Aðgerðir fjármála- og áhættustýringarsviðs til að bæta fjárstýringu A-hluta

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur á síðustu árum unnið kerfisbundið að því að taka upp virka stýringu lána og lausafjár með tillögum um breytingar á fjárstýringarreglum, verklagi og heimildum fjármálastjóra innan þeirra marka sem sveitarstjórnarlög veita. Hér að neðan er listi yfir helstu aðgerðir í þessum efnum:

1. Fjármála- og áhættustýringarsvið fékk heimild borgarráðs í febrúar 2017 til að kaupa hlutdeildarskírteini í lausafjár sjóðum þar sem fjárfestingarstefna þeirra er í takti við fjárfestingarheimildir sem settar eru í reglum um fjárstýringu. Tilgangurinn var að auka sveigjanleika í daglegri lausafjárstýringu með auknum valmöguleikum og minni bindingu en í tilfelli bundinna innlána og peningamarkaðsinnlána án þess að gefa afslátt á ávöxtunarkröfu. Öll hlutdeildarskírteini í lausafjár sjóðum voru seld í júní. Ávöxtun þessara sjóða lækkaði talsvert á milli ára. Fyrri hluta árs voru keyptir ríkisvixlar en búið að selja þá stöðu í júlí. Peningamarkaðsinnlán hjá viðskiptaböndkunum voru að mestu nýtt við lausafjár ávöxtun á tímabilinu.
2. Reykjavíkurborg átti í september viðræður við Landsbankann hf. um lánaramma. Í lok september kom tilboð frá Landsbankanum um lánaramma að fjárhæð 6.000 m.kr. Í byrjun október var samningur við Landsbankann samþykktur í borgarráði. Dregið var á lánsheimildina í lok október, nóvember og desember 2.000 m.kr. í hvert skipti. Í október var tekið verðtryggt lán en seinni tvö lánin voru óverðtryggð.
3. Reykjavíkurborg fékk í desember tilboð frá Íslandsbanka hf. um lánaramma að fjárhæð 6.000 m.kr. Í byrjun janúar 2023 var samningur við Íslandsbanka samþykktur í borgarráði. Ekki var dregið á þessa lánalínu á árinu 2022 og telst hún hluti af lántökuáætlun 2023.
4. Á tímabilinu var unnið að uppfærslu grænnar umgjarðar Reykjavíkurborgar en borgin er með tvo græna skuldabréfaflokka. Fjármögnun úr grænum skuldabréfaflokkum er varið í grænar fjárfestingar í samræmi við græna umgjörð.

2.5. Skattspor A-hluta

Skattsporið samanstendur af sköttum til ríkisins sem voru gjaldfærðir í rekstri A-hlutans og þeim sköttum og gjöldum sem innheimtir voru og staðin voru skil á vegna starfseminnar. Samtals námu skattar til ríkisins umfram endurgreiðslur 9.204 m.kr. og hækkuðu um 1.280 m.kr. samanborið við árið 2021.



Stærsti liðurinn var tryggingargjald af launum sem nam 5.449 m.kr. og hækkaði um 641 m.kr. milli ára.

Annar stærsti liður var innskattur sem ekki fæst endurgreiddur sem nam 5.899 m.kr. en hann var tilkominn vegna kaupa á vörum og þjónustu sem nýtt voru í óskattskyldum rekstri borgarinnar. Hann hækkaði um 1.449 m.kr. samanborið við síðasta ár.

Endurgreiddur virðisaukaskattur til opinberra aðila nam 1.946 m.kr. og hækkaði um 317 m.kr. milli ára. Þar var um að ræða endurgreiddan virðisaukaskatt sem sveitarfélög ofl. opinberir aðilar fá vegna kaupa af tilteknum aðföngum s.s. af sorphreinsun, ræstingu, sjómokstri, sérfræðiþjónustu og fleiri liðum í samræmi við reglugerð nr. 248/1990.

Endurgreiddur virðisaukaskattur af vinnu nam kr. 316 m.kr. Þar er um að ræða endurgreiddan virðisaukaskatt af vinnu manna við húsnæði sem sveitarfélög eða stofnanir og félög sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, endurbætur eða viðhald á öðru húsnæði sem alfarið er í eigu þeirra, enda sé húsnæðið skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Endurgreiðsluákvæðið er skv. reglugerð nr. 690/2020 um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna.

Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samþjöppaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio): Hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Arðsemi fjármagns (Return on Capital Employed (ROCE))

Mælt sem hlutfall EBIT af heildareignum. Sýnir arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

EBIT

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og skatta.

EBITDA

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og endurmat.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárhlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Eiginfjárhlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tappól fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárhlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárhlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárhlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánadrottnum, þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárhlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárhlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárhlutfall A- og B-hluta.

FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádrægnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

FFO vaxtaþekja

FFO vaxtaþekja mælir getu Orkuveitu Reykjavíkur til að standa við vaxtagreiðslur félagsins með handbæru fé þess. Hann er reiknaður með handbæru fé frá rekstri í sjóðstreymi að viðbættum vaxtagjöldum, deilt með vaxtagjöldum úr rekstrarreikningi.

FFO/nettó skuldir

FFO/nettó skuldir er mælikvarði sem einnig hefur verið skilgreindur af Moody's. En þar er hlutfall FFO vaxtaþekju fundið með heildar nettó skuldum. Nettó skuldir eru skilgreindar neðar.

Handbært fé í lok tímabils

Handbært fé í lok tímabils lýsir þeirri peningamyndun sem reksturinn skilar af sér á tímabilinu þegar búið er að taka tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, fjárfestingahreyfinga og fjármögnunarhreyfinga.

Hreinar skuldir og skuldbindingar

Hreinar skuldir og skuldbindingar eru skilgreindar sem heildarskuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum og langtímafröfum. Hreinar skuldir lýsa þannig skuldastöðu A-hluta þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna.

Hreinar vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum. Það eru langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímafröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfum, bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

Jafnvægisviðmið

Skv 64 gr sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki séu ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðun. Þetta ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

RFC/nettó skuldir

RFC er FFO að frádregnum arðgreiðslum. Mælikvarði er reiknaður eins og FFO/nettó skuldum nema leiðrétt fyrir greiddum arði félagsins.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lykilatriði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrekum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lágt hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið

Skuldaviðmið er reiknað sem hlutfall skulda og skuldbindinga að frádregnum veltufjármunum, fyrirfram greiðslu til Brúar vegna framtíðarskuldbindinga og núvirtum framtíðar lífeyrisskuldbindingum eftir 15 ár á móti tekjum, í samræmi við reglugerð nr. 502/2012, með síðari breytingum.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

Orku- og veitufyrirtæki eru ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðu. Þetta síðasttalda ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

Vaxtaþekja (Interest expense coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum, er oft notuð til að mæla getu fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

Veltufjárhlutfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til A- og B-hluta.

Veltufjármunir (Current assets)

Veltufjármunir er sérstök flokkun eigna í ársreikningi. Um er að ræða eignir sem hægt er að breyta í reiðufé eða ráðstafa innan eins árs. Veltufjármunir eru sjóðir, bankainnistæður, birgðir og aðrar skammtímakröfur.

(m.kr.)	A-hluti	Aflvaki	Faxaflóahafnir	Félagsbústaðir	Málbikunar- stíðin Höfði	Þrótt- og sýningahólin	Jafnaunastofa sf.	Orkuveita Reykjavíkur	Slökkvilið höfuðsv.	Sorpa	Stræto	Þjódarleiðvangur	A- og B-hluti
<i>Eignarhlutur Rvk</i>	-	95,70%	75,56%	100,00%	100,00%	50,00%	50,00%	93,539%	60,82%	58,30%	60,30%	50,00%	A- og B-hluti
Rekstrartekjur	156.246	0	5.159	5.739			83	56.965	4.325	5.772	9.566	34	223.426
Rekstrargjöld	166.098	1	3.954	3.312			85	35.659	4.227	4.866	10.251	10	208.285
Afskriftir	7.691	0	857	17			1	14.439	121	403	319	0	23.515
Fjármagnslíðir	-5.705	0	98	-5.930			0	-11.283	-1	-217	-149	0	-27.627
EBIT	-9.852	-1	1.206	2.427			-2	21.306	98	906	-685	24	15.141
EBITDA	-2.161	-1	2.063	2.444			-1	35.745	219	1.309	-366	24	38.656
Hagnaður (- tap)	-15.605	-1	3.373	16.456	10	-120	-2	8.437	97	687	-834	24	5.953
Fastafjármunir	224.868	2	13.822	148.986	1.257	2.728	3	417.472	2.209	8.089	2.175	0	798.490
Veltufjármunir	32.229	8	5.007	385	606	774	9	33.398	1.056	1.507	979	16	71.842
Heildareignir	257.097	10	18.830	149.370	1.863	3.502	12	450.870	3.265	9.596	3.153	16	870.333
Skammtímaskuldir	30.226	0	598	2.173	206	106	13	29.601	562	1.315	1.500	3	63.279
Langtímaskuldir	107.322	0	0	54.547	75	2.309	0	2.117	202	2.136	1.644	0	318.672
Skuldbindingar	36.939	0	0	88	68	248	0	21.716	0	462	0	0	64.426
Heildarskuldir	174.487	0	598	65.604	348	2.663	13	204.434	764	3.912	3.144	3	446.378
Eigið fé 1/1	91.895	11	15.625	67.311	1.505	919	0	213.653	2.404	4.996	844	-10	383.264
Eigið fé 31/12	82.610	10	18.232	83.767	1.515	839	-1	246.436	2.501	5.684	10	13	423.955
Skuldir og eigið fé	257.097	10	18.830	149.370	1.863	3.502	12	450.870	3.265	9.596	3.153	16	870.333
Handbært fé frá rekstri	-486	0	2.345	1.374	253	179	10	23.682	210	1.287	-139	19	23.265
Fjárfestingahreyfingar	-18.857	0	196	-2.993	-320	-19	-3	-17.966	-86	-546	-96	0	-40.206
Ný langtímalán, leigisamh. og stofnframlög	22.709	0	0	0	0	0	0	11.138	0	0	400	0	34.331
Greiddar afborganir	-5.102	0	0	-1.349	-8	-50	0	-16.573	-15	-229	-91	0	-23.228
Framlag v. lífeyrisskuldbindingar	-2.567	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-2.604
Nýtt framlag eigenda	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Greiddur arður	0	0	-766	0	0	0	0	-4.000	0	0	0	0	-258
Staða á handbæru fé 31/12	10.221	0	3.685	6	242	646	8	6.651	867	998	539	13	21.922
Veltufé frá rekstri	-2.050	-1	2.142	1.322	149	204	-1	27.714	239	1.212	-419	24	25.232
Næsta árs afborganir langtímask.	6.267	0	0	1.377	38	52	0	19.805	16	244	108	0	27.900

Eiginfjárluútfall	32%	100%	97%	56%	81%	24%	-9%	55%	77%	59%	0%	82%	49%
Arðsemi eigin fjár	-17,0%	-5,3%	8,3%		0,7%	-13,1%	-467,9%	3,7%	4,0%	13,8%	-98,8%	-229,8%	1,7%
Veltufjárluútfall	1,07		8,38	0,18	2,94	7,33	0,67	1,13	1,88	1,15	0,65	5,61	1,14
Langtímaskuldir/eigið fé	129,9%		0,0%	65,1%	5,0%	275,3%			8,1%	37,6%	16849,4%	0,0%	75,2%
Vaxtaberandi skuldir /eigið fé bara OR									0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Vaxtabekja, EBIT/netto vextir				2,16					61,3%				
Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.-netto vextir)				1,00									
Uppgreiðslutími	-55,42			42,30					0,91	1,96	-4,18	0,00	13,74
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	-1,3%		41,5%	23,0%					5,5%	21,0%	-4,4%	71,6%	11,3%

Skýringar

Eiginfjárluútfall

Eigið fé á móti heil darfjármagn. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tapþol).

Arðsemi eigin fjár

Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki

Veltufjárluútfall

Veltufjármunir á móti skammtímaskuldam. Sýnir hæfi fyrirtækis að inna af hendi skuldagreiðslur á næstu mánuðum.

Langtímaskuldir / eigið fé

Langtímaskuldir á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsætingu fyrirtækis.

Vaxtabekja, EBIT/netto fjárm.

Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnslíði á móti vaxtagreiðslum

Vaxtabekja, EBITDA/netto fjárm.

Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnslíði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti vaxtagreiðslum

Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.-netto fjárm.)

Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnslíði á móti afborgunum og vaxtagreiðslum

Uppgreiðslutími skulda (ár)

Langtímaskuldir á móti veltufé frá rekstri.

Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og A-og B-hluta

Lánveitendur	(í m.kr.)	A-hluti	A- og B-hluti
ABSEK			1.420
Arion			368
CEB			8.201
Depfa ACS Bank			8.773
EIB			28.023
Ergo kaupleiga			1
EURO HYPO			2.020
Faxaflóahafnir			0
Fagfjárfestisjóðurinn ÍSH			2.361
Húsnaðis- og mannvirkjastofnun			19.876
Íslandsbanki			6.824
Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga		149	941
Landsbankinn		6.021	10.684
Lánasjóður sveitafélaga			12.291
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitafélaga			3.790
Munck Finance Iceland ehf.			113
NIB			15.822
Skuldabréfaútgáfa OR			91.849
Skuldabréfaútgáfa Félagsbústaða			24.468
Skuldabréfaútgáfa RVK 53 01		33.977	33.977
Skuldabréfaútgáfa RVKN 32 1		24.121	24.121
Skuldabréfaútgáfa RVKN 35 1		13.407	13.407
Skuldabréfaútgáfa RVKN 48 1 (Græn skbr.)		11.099	11.099
Skuldabréfaútgáfa RVKN 40 1 (Græn skbr.)		8.206	8.206
Skuldabréfaútgáfa RVKN 24 1		4.765	4.765
Stofnframlög			5.377
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda			0
Lántaka A- og B-hluta:		101.743	338.777
Leiguskuldir		11.845	13.132
Lántaka og leiguskuldir A- og B-hluta		113.589	351.909

Viðauki 3: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 19.804 m.kr. og tekjur sem komu á móti voru 10.525 m.kr. Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 9.280 m.kr. eða 664 m.kr. innan áætlunar.

Málefni fatlaðs fólks janúar - desember 2022			
Tekjur:	í m.kr.	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		7.971	6.759
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		350	286
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		75	53
Útsvarstekjur 0,25% RVK		1.826	1.800
Þjónustutekjur		136	72
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		168	23
Tekjur alls		10.525	8.993
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		12.440	12.123
Húsaleiga		555	508
Annar rekstrarkostnaður		463	979
NPA þjónusta		1.348	1.221
Þjónustugjöld (samningar)		4.013	3.044
Stjórnunarkostnaður		53	63
Lengd viðvera ÍTR		186	213
Lengd viðvera SFS		746	785
Gjöld alls		19.804	18.936
Niðurstaða		-9.280	-9.943

Samanlagður kostnaður umfram tekjur vegna málefna fatlaðs fólks á árunum 2011-2022 nam alls 35.581 m.kr.⁸

Málefni fatlaðs fólks	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Tekjur	4.153	4.804	5.098	5.246	5.993	6.656	7.279	7.790	7.944	8.938	9.385	10.525
Gjöld	4.430	4.868	5.512	6.233	7.074	8.018	9.385	10.597	12.151	14.880	16.440	19.804
Gjöld umfram tekjur	-277	-64	-414	-987	-1.081	-1.362	-2.106	-2.807	-4.207	-5.942	-7.055	-9.279
Uppsafnaður mismunur	-277	-341	-755	-1.742	-2.823	-4.185	-6.291	-9.098	-13.305	-19.247	-26.302	-35.581

⁸ Fjárhæðir eru á verðlagi þess árs sem þær tilheyra.

Hjúkrunarheimili Útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur hafa verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Árið 2022 var rekstur hjúkrunarheimila neikvæður um 559 m.kr. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsöfnuð útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur á árunum 2008-2022.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Útgjöld umfram tekjur 2008-2022 (í m.kr. á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	138	131	269
2016	158	98	256
2017	185	86	270
2018	170	86	256
2019	187	120	306
2020	315	133	448
2021	208	129	337
2022	422	137	559
Samtals	2.818	1.485	4.303

Tónlistarskólar Útgjöld voru um 1.481 m.kr. eða 21 m.kr. innan fjárheimilda. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik sem Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af námu 1.164 m.kr. og framlög til tónlistarskóla frá Jöfnunarsjóði námu 317 m.kr.

Viðauki 4: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 1.358 m.kr. meira en áætlað var og greiðir 187 m.kr. meira en áætlað var inn í sjóðinn:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Hludt. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	5.624	5.542	82	1,5%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	7.231	7.126	105	1,5%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	12.856	12.669	187	1,5%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	7.971	6.759	1.212	17,9%
Framlag vegna sérskóla	1.755	1.653	102	6,2%
Framlag vegna tónlistarskóla	319	272	47	17,2%
Annað	564	538	26	4,7%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	10.608	9.222	1.386	15,0%
Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	-2.247	-3.446	1.199	-34,8%